

Umhverfisstofnun
Áb. <i>JA</i>
01 OKT. 2003
<i>54.23</i>
Tilv. <i>UST20030800137</i>



UST

Umhverfisstofnun

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Bergljót Einarsdóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

30. september 2003
Tilvísun: UST20030800137/6á

Tillaga að deiliskipulagi íbúðasvæðis við Álftanesveg í Garðabæ

Við er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar, dags. 22. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi íbúðasvæðis við Álftanesveg. Fyrirhugað íbúðasvæði er staðsett innan svæðis á náttúruminjaskrá, *Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi (nr. 117)* og jafnframt á svæði sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Skal því leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda í samræmi við 37. og 38. gr. ofangreindra laga áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á svæðinu.

Stofnunin óskaði jafnframt eftir ítarlegri gögnum varðandi hávaða frá umferð í fyrirhuguðu íbúðahverfi en í tl. 3.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 kemur fram að við gerð skipulags skuli hávaðamælingar framkvæmdar samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og álit viðkomandi heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar höfð til hliðsjónar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Verndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá

Hraun- og gosstöðvar hér á landi hafa mikið og alþjóðlegt verndargildi. Sé litið til landa í norðanverðu Atlantshafi eru nútímahraun eins og hér um ræðir séríslenskt fyrirbæri, en leita þarf vestur til Klettafjalla, austur á Kamtsjatka eða suður að Azoreyjum eða einstakra Miðjarðarhafslanda til að finna sambærileg nútímahraun og eldstöðvar. Einnig eru þau fágæt hér á landi.

Umhverfisstofnun, og áður Náttúruvernd ríkisins, hefur ítrekað bent á verndargildi þessa svæðis. Í því sambandi má m.a. nefna að Gálgahraun er á náttúruminjaskrá, en skráning svæða á hana skoðast sem stefnuýfirlýsing stjórnvalda um það hvaða svæði ber að vernda vegna náttúruvafars. Jafnframt njóta eldhraun sérstakrar verndar, sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Það svæði sem taka á undir byggð er staðsett í Garðahrauni, í suðurjaðri svæðis á náttúruminjaskrá. Í náttúruminjaskrá segir um svæðið:

Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Bessastaðahreppi, Gullbringusýslu. (1) Fjaran frá Bala í Hafnarfirði að Kársnesi í Kópavogi. Bessastaðanes allt og Lambhúsatjörn, Bessastadatjörn, Skógtjörn og Kasthúsatjörn. Gálgahraun sem afmarkast af Álfanesvegi að sunnan, en hraunjöðrum að austan og vestan. (2) Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Gálgahraun er tilkomumikið nútímahraun með lífauðugum sjávarfitjum. Hraunið er nyrsta tunga af rúmlega 10 km löngu hrauni sem komið er úr Búrfelli. Kjörið útivistarsvæði.

Búrfellshraun rann fyrir um 7200 árum og Gálgahraun er nyrsta tungan af því. Hraunið í heild sinni er mjög raskað og að stórum hluta komið undir byggð og teygir fyrirhuguð byggð sig enn frekar inn á hinn óraskaða hluta svæðisins, á syðsta hluta hrauntungunnar norðan Álfanesvegar, þar sem kallast Garðahraun. Hraunið er úfið og skartar tilkomumiklum hraunmyndunum, gróður er allfjölbreyttur og fuglalíf mikið í hrauninu og nágrenni þess. Að auki eru í hrauninu sögu- og búsetuminjar frá ýmsum tímum. Garðahraun er tilvalið útivistarsvæði fyrir íbúa í Garðabæ, ekki síst íbúa í Ásahverfi, sem og fyrir aðra íbúa höfuðborgarsvæðisins. Svæðið er auk þess tilvalið til fræðslu af ýmsu tagi, bæði við kennslu í skólum og á vegum félagasamtaka. Auk þess er svæðið mikið notað til fuglaskoðunar og á haustin er það vinsælt til berjatinslu.

Af ofangreindri umfjöllun er ljóst að eftirsjá er af svæðinu undir íbúabyggð. Hraunasvæðið er úfið á köflum og tilbreytingaríkt. Líklega er það einstakt í okkar heimshluta að finna megi svo að segja óraskaðar hrauntungur frá nútíma sem runnið hafa í sjó innan byggðasvæðis í nágrenni höfuðborgar. Áformuð byggð mun rýra verndargildi hraunsins og þrengja enn að óróskuðum hlutum þess. Sé það hins vegar óhjákvæmilegt að mati bæjaryfirvalda að hafa byggð á þessum stað er mikilvægt að haga útfærslu hennar þannig að sem minnstum hluta af yfirborði hraunsins verði raskað. Því telur Umhverfisstofnun að hafa ætti það að markmiði við deiliskipulag svæðisins að sérkennum hraunsins sé haldið, innan lóðarmarka fyrirhugaðra íbúðarhúsa sem utan. Með því að nýta kosti þessa landslags er hægt að skapa afar sérstaka og fjölbreytta byggð sem fellur vel að umhverfi sínu. Til að ná þessu markmiði telur stofnunin að útfæra ætti nánar hvaða svæðum á að halda óskertum utan lóða. Jafnframt telur stofnunin að setja ætti skýrari skilyrði um rask á hrauni innan lóðamarka, t.d. að ákveðnu hlutfalli lóða sé haldið óskertu. Ennfremur telur stofnunin að setja ætti skilyrði um að lóðir í jaðri byggðarinnar verði ekki girtar og að gróðursetning taki mið af grenndargróðri. Með því móti mætti tengja byggðina betur við aðliggjandi hraunasvæði og viðhalda landslagsheildinni eins og framast er kostur. Benda má á að í landi Hafnarfjarðar hefur einnig verið skipulögð byggð í hrauni og hefur á nýjum íbúðasvæðum verið lögð áhersla á að varðveita hraun sem mest innan lóða og að aðlögun byggðar að landi verði sem best, sbr. t.d. skipulagsskilmála fyrir hverfið Velli.

Hljóðstig


Umhverfisstofnun hefur yfirfarið þau gögn sem henni bárust vegna hljóðstigs í fyrirhuguðu íbúðarhverfi. Umhverfisstofnun hefur þá viðmiðun að í nýskipulögðum íbúðarhverfum skuli allt gert til að hljóðstig frá umferð fari ekki yfir 45 dB(A), sem er leiðbeiningargildi reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Hollustuvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) benti á það í umsögn sinni um mat á umhverfisáhrifum nýs Álfanesvegar og lengingu Vífilsstaðavegar í Garðabæ, dags. 15. febrúar 2002, að þessu markmiði yrði ekki náð m.a. fyrir hluta Gálgahrauns og er ofangreind íbúðabyggð innan þess. Í svörum Vegagerðarinnar við þeim athugasemdum kom fram það álit að

057

mótvægisáðgerðir ættu meðal annars að felast í því að nota reiknað hljóðstig nærri byggð til þess að skipuleggja hana þannig að sem minnst ónæði verði frá fyrirhuguðum vegi. Þetta mætti gera með því að velja húsgerðir og staðsetja hús og götur þannig að áhrifin verði sem minnst og/eða með því að gera ráð fyrir hljóðmönnum eða öðrum hljóðdeyfandi aðgerðum. Hvernig þetta væri best gert réðist af því hvernig skipulagi yrði háttað.

Í úttekt á hljóðstigi í fyrirhuguðu hverfi, sem fylgdi með skipulagstillögunni, kemur fram að markmiðum um að hljóðstig sé undir leiðbeiningargildi er ekki fullnægt fyrir hluta byggðarinnar meðfram fyrirhuguðum Álftanesvegi og við hringtorg inn í fyrirhugaða byggð, þrátt fyrir að farið verði í mótvægisáðgerðir s.s. hljóðmanir. Þó hljóðstig sé innan viðmiðunargildis reglugerðar nr. 933/1999, þ.e. 55 dB(A), stendur stofnunin við fyrri afstöðu sína og telur það skyldu bæjaryfirvalda að sína fram á að öllum ráðum hafi verið beitt til að halda hljóðstigi í nýskipulagðri byggð innan leiðbeiningargildis, m.a. með staðsetningu lóða í nægilegri fjarlægð frá vegi dugi hljóðmanir ekki til.

Virðingarfyllt,


Sigrúros Friðriksdóttir


Hólgi Jónsson

Afrit: Skipulagsstofnun.